

Fundargerð

68. stjórnarfundur FHA haldinn 16. feb. 2015 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðmundur Óskarsson, Ólína Freysteinsdóttir, Hreiðar Þór Valtýsson, Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir og Þorlákur Axel Jónsson. Pia Viinikka mætti ekki.

Dagskrá:

1. Fundagerðir stjórnar
Fundargerðir fyrir stjórnarfund nr. 67, 26. jan. var lögð fram og samþykkt án athugasemda.
2. Kjaramál
Hjördís lagði fram skjalið: „Sameiginleg kröfugerð aðildarféлага Bandalags háskólamanna gagnvart ríki vegna kjarasamninga 2015“. Rætt.
3. Stofnanasamningur
Gerð hans er ekki lokið.
Rætt var hvort HA beri ekki að stofna persónulegan útgjaldareikning hvers starfsmanns.
4. Námssjóður
Leggja verður fram hver áhrif urðu af breyttum úthlutunarreglum. Á að skilyrða framlag FHA til ráðstefnugjalda við mótframlag frá HA?
5. Lífeyrismál
Skerpa þarf á stefnu félagsins gagnvart hugmyndum um „hækkun lífeyrisaldurs“ sem fram hafa komið í fjölmiðlum án alls umboðs.
6. Önnur mál
 - a. Rætt var hvernig FHA getið komið þeirri sanngjörnu kröfu á framfæri að stjórnámamenn sjái til þess að skólinn njóti sambærilegra framlaga úr opinberum sjóðum (Sáttmálasjóður o.fl.) og HÍ.
 - b. Haldinn verði almennur félagsfundur FHA um miðjan mars.
 - c. Næsti fundur verður 9. mars kl. 12-13.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 12:55

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari.